

Hverfisnefnd Naustahverfis

54. fundur, 1. des. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 21:00 – 22:00

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Ómar Ívarsson, Gísli Rúnar Magnússon og Gunnar Valur Eyþórsson

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

1. Nefndin skiptir með sér verkum

Aðalmenn eru:

Anna Sjöfn Jónasdóttir, formaður, annasj@internet.is

Gunnar Valur Eyþórsson, varaformaður, gunnarve@gmail.com

Gísli Rúnar Magnússon, ritari, gisli@advania.is

Ómar Ívarsson, omar@landslag.is

Heiðdís Jónasdóttir, heiddisj@simnet.is

Varamenn:

Bjarni Sigurðsson, bjarni@dregg.is

Claudia Lobindzus, claudia.lobindzus@gmail.com

2. Fastir fundartímar

Nefndin stefnir að því að hittast einu sinni í mánuði og að öllu óbreyttu munu fastir fundartímar vera annan mánudag í hverjum mánuði kl. 20:00 (til 21:30) nema eitthvað sérstakt komi til. Ritari minnir á fundina þegar fer að líða að næsta fundi.

3. Bílastæðamál við skóla og leikskóla.

Komið svar frá framkvæmdadeild vegna bílastæðamála við skólana. Það rætt. Nefndin veltir fyrir sér hvar ípróttu- og sundrútan kemur til með að leggja í framtíðinni. Veltum fyrir okkur hvort rétt sé að hafa hana í Klettatúni, sem er þröng gata án bílastæða. Þá veltir nefndin líka fyrir sér hvort ekki eigi að koma bílastæði á horninu sem grenndargámarnir hafa verið eins og lofað hafði verið.

4. Ípróttasvæði fyrir KA

KA er formlega búið að sækja um svæði í hverfinu. Hverfisnefnd fagnar því að þeir skuli loksins vera búnir að sækja um.

5. Forgangsröðun snjómoksturs í hverfinu/við skólann

Strætóleiðir ágætlega mokaðar en annað virðist vera ansi aftarlega í forgangsröðinni. Sérstaklega mætti taka meira tillit til gangandi vegfarenda, en oft þurfa skólabörn (og aðrir) að ganga á götunum til að komast leiðar sinnar. Þó svo botnlangar fá mögulega lakari þjónustu er nauðsynlegt að moka gangbrautir fyrr þar sem umferð er óheft í báða enda og þar með meiri og jafnvel hraðari umferð. Dæmi: Lækjartún, Hamratún, Ljómatún ofl.

6. Leikvöllurinn

Hvernig standa þau mál? Hverfisnefnd leggur til að peningurinn sem okkur var úthlutað (eða það sem eftir er af honum) verði geymdur á milli ára og honum varið til tækjakaupa á næsta ári. Að öðrum kosti verði að versla einhver leiktæki fyrir áramót.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið. Næsti fundur áætlaður 13. jan. kl. 20:00 á Naustatjörn.